

Nokkrar hugleiðingar um sameiningu sveitarfélaga þann fyrsta dag júnímánaðar 1993.

Hreppaskipun hefur líklega komist á þegar á 10 öld.

Meginhlutverk hreppanna var að annast framfærslu þeirra ómaga sem ættingjar gátu ekki séð um.

Samkvæmt manntali á Islandi 1703 voru 163 hreppar eða sveitarfélög í landinu. Þúar reynust þá vera 50.358 eða rúml 300 í hverju sveitarfélagi. Hrepparnir voru að vísu misjafnir að stærð en hreppar með færri íbúa en 100 voru mun færri en nú.

Í upphafi þessarar aldar var stærðardreifing sveitarfélaga mun jafnari en nú er. Árið 1710 var meirihluti sveitarfélaga af stærðinni 200 - 500 íbúar.

Aðeins 3 sveitarfélög voru með færri en 100 íbúa og 39 höfðu 100 - 200 íbúa.

Á næstu áratugum varð mikil samþjöppun byggðar í landinu. Nýjir þéttbýlisstaðir urðu til og leiddi það til uppskiptingu sveitarfélaga milli þorps og sveitar víða um land.

Árið 1750 voru 33 sveitarfélög með færri en 100 íbúa og 75 sveitarfélög með 100 - 200 íbúa. Þar með var helmingur sveitarfélaga í landinu kominn með innan við 100 íbúa.

Árið 1786 var svo komið að rúml 60 sveitarfélög höfðu færri en 100 íbúa. Síðan þá hafa nokkur fámenn sveitarfélög sameinast öðrum stærri.

Í árslok 1990 voru um 200 sveitarfélög í landinu þar af 47 með færri en 100 íbúa og 57 með 100 - 200 íbúa.

Þessa tölur sýna hversu miklar breytingar hafa átt sér stað í byggðinni í landinu, þar sem sveitarfélögin (hrepparnir) voru af svipaðri stærð og með svipað hlutverk öldum saman, en breytingarnar verða geysilegar á okkar tímum bæði í byggðarmynstri og ekki síðum í verkefnum sveitarfélaganna.

Reynsla af opinberum aðgerðum sem hvetja til stækkunar sveitarfélaga er fremur lítil hér á landi.

Fulltrúaráð Sambands ílenskra sveitarfélaga samþykkti áskorun til Alþingis árið 1966 um að hlutast til um endurskoðun á umdæmum sveitarfélaga. Þá var nefnd sett laggirnar sem skilaði frumvarpi til laga árið 1968.

Í framhaldi af lagasetningunni sameinuðust Eyrarhreppur (Hnífsdalur) og Isafjarðarkaupstaður. Síðan gerðist lítið í 12 ár þar til Hvamshreppur og Dyrhólahreppur sameinuðust 1983.

Ný sveitarstjórnarlög voru samþykkt 1986. Í þeim lögum eru ákvæði um að lágmarkíbúatala í sveitarfélagi sé 50.

Síðan löggin voru samþykkt hafa orðið 14 sameiningar sveitarfélaga þar sem sveitarfélögum hefur fækkað um 23 talsins.

Þetta er stiklað á stóru um forsögu þess að enn er sameining sveitarfélaga í brennidepli og nú kominn í þann farveg að

sveitarstjórnarmenn og íbúar sveitarfélaganna verða að velta þessum hlutum fyrir sér og taka afstöðu til þeirra.

Öll vinna þessara tveggja nefnda sem undirrituð hefur setið í fyrir Kvænnalistann er skráð í áfanga og lokaskýrslum nefndanna:

Skifting landsins í sveitarfélög I og II  
Afangaskýrsla sept. 1991.

Aukið hlutverk sveitarfélaga.  
Afangaskýrsla okt. 1992.

Lokaskýrsla sveitarfélaganefndar.  
mars 1993.

Þessar skýrslur hljóta allar að fást í Félagsmálaráðuneytinu

Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum í takmarkaðar tíma og þingsályktunartillaga um reynslusveitarfélög var afgreitt á síðustu dögum þingsins .

Í lokaskýrslu er á bls.25 kafli um stærð sveitarfélaga og á bls.28 eru hugmyndir nefndarinnar um ramma sveitarfélagsins.

Á bls. 30 er kaflinn um Reynslusveitarfélög.

Á bls 19 er kaflinn um sveitafélög -hlutverk og markmið.

Og á bls 6 -9 er svo úrdráttur úr tillögum nefndarinnar.

Að mínu áliti er sameining sveitarfélaga stórt vandasamt og viðamikilið mál sem er þverpólitískt og tilfinningatengt.

Jafnframt tel ég það eitt mesta hagsmunamál landsbyggðarinnar og styrkja stöðu hennar að sveitarfélög sameinist á skynsamlegan hátt. Ég vil þó taka það fram að ég tel að leið 2 í sinni stífust mynd sé ekki vænleg til árangurs, til þess eru aðstæður og ójafnar og ólíkar á landinu.

Ég er íbúi í mjög litlum dreifbýlishreppi sem liggur nærri þéttbýli. Jafnframt er ég alin upp í sveit og sú sveit var í sama sveitarfélagi og þorpið (Vopnafjörður) og þar var u.þ.b 1000 manna sveitarfélag þegar ég var að al<sup>2</sup>st upp.

Það er kannski þetta uppeldi mitt sem mótar nokkuð mína afstöðu, en ekki síður hitt að með vaxandi atvinnuleysi og samdrætti í byggðum landsins hlýtur það að vera rétt að stækka atvinnu og þjónustusvæði, hagræða í rekstri, gæta hagkvæmni og aðgæslu í fjárfestingum , skapa ný og fjölpættari atvinnutækifæri út um landið, auka og bæta þjónustu við íbúana í sveitarfélögunum.

Með því að stækka og styrkja sveitarfélögin og færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga er að mínu áliti auðveldara að ná þessum markmiðum.

Ég hef heyrt og skil ótta margra í fámennum sveitarfélögum og svokölluðum jaðarbyggðum við að "vera gleypstur" af fjölmenninu og fá engu ráðið um örlög sín.

Ég ólst upp í blönduðu sveitarfélagi þar sem mikill meirihluti íbúanna bjó í þorpinu, og fann aldrei fyrir þessum mun.

A þeim tíma var alltaf meirihluti sveitarstjórnarmanna úr sveitinni, nú mun það reyndar hafa snúist við, en sveitamennirnir fóru jafnan með sér máli sveitanna eins og fjallskil, og ég minnst þess ekki að hafa heyrt um byggðardeilur innan sveitarfélagsins, en þar hefur jafnan verið pólitískar deilur eins og annars staðar.

Ég álit að það sé ávinningur að sameiningu fyrir litil sveitarfélög sem liggja nærri þéttbýliskjarna, (ekki síst fyrir konur, aðgangur að leiksk. o. fl. þjónustu) en fyrir fámenn sveitarfélög sem eru jaðarbyggð, breytir sameinig trúlega litlu. Ég fæ þó ekki séð að þau ættu að vera verr sett á nokkurn hátt.

Það er ósk mín og von að landsmenn ekki síst konur kynni sér hugmyndir og tillögur um sameiningu sveitarfélaga og flutning verkefni frá ríki til sveitarfélaga fordóma og æsingalaust og leggi mat á kost og galla. Ég er viss um að þá næst farsæl niðurstaða.

Spurningin er kannski þessi. Þorum við, getum og viljum?

Með bestu kveðju



Ásgerður Pálsdóttir  
Geitaskarði  
541 Blönduós  
S. 95-24341